

bœnda
FERÐIR

AÐVENTUTÖFRAR Í TÍRÓL



2. – 7. desember 2025

Fararstjórn: Unnur Jensdóttir

Aðventuferð

Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Í faðmi fjallanna er einstakt að vera á aðventunni og er **Tíról** í Austurríki alger ævintýraheimur út af fyrir sig. Dvalið verður í **Seefeld** sem er yndislegur bær sem hvílir í sal Wetterstein-, Mieminger- og Karwendelfjalla. Við höldum í dagsferð til bæjarins **Mittenwald** sem státar af litlum, myndskreyttum húsum og merkilegri hefð í smíði strengjahljóðfæra. Skíðabærinn **Garmisch Partenkirchen** í Þýskalandi, sem er einstaklega heillandi á aðventunni, verður sóttur heim ásamt **Innsbruck**, sem er ein af ævintýraborgum aðventunnar. Kristalsheimur **Swarovski** í Wattens verður skoðaður og eins heimsækjum við borgina **Kufstein**, upplifum einstakan jólamarkað þar, förum í miðaldakastalann sem gnæfir yfir borginni með hið fræga virkisorgel, **stærsta útiorgel í heimi**. Hér er á ferðinni einstök aðventuferð um yndislegt svæði sem skartar sínu fegursta á þessum árstíma.

6 dagar | 5 nætur í Seefeld

2. desember | Flug til München & Seefeld



Brottför frá Keflavík kl. 7:20. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 12:05 að staðartíma. Þaðan verður ekið til Tíról í Austurríki eða nánar tiltekið til Seefeld sem er í 1180 m hæð. Þetta er yndislegur bær inn á milli fjallanna og við gistum fimm nætur á góðu hóteli í miðbænum.

3. desember | Mittenwald & Garmisch-Partenkirchen

Eftir góðan morgunverð förum við saman í göngutúr um bæinn og kynnum okkur umhverfið. Um hádegi er lagt af stað til litla bæjarins Mittenwald sem stendur í Isar dalnum við rætur Karwendel fjallgarðsins. Hann er þekktur fyrir fallega myndskreytt hús þar sem sjá má vísanir í sögu og þjóðfræði Bæjaralands. Í Mittenwald er aldagömul hefð fyrir smíði strengjahljóðfæra og þar er skemmtilegt fiðlusafn. Frumkvöðullinn Matthias Klotz nam fiðlumíði á tímum Stradivari á Ítalíu og kenndi hana í Mittenwald sem varð svo seinna ein af helstu miðstöðum í smíði strengjahljóðfæra í Evrópu. Frá Mittenwald förum við til Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi sem er einn þekktasti skíðabær landsins. Fyrir ofan hann stendur hæsta fjall Þýskalands, Zugspitze. Garmisch-Partenkirchen er töfrandi á þessum árstíma og ilmur jóllanna svífur yfir aðventumarkaðinum. Hér er upplagt að fá sér hressingu, en það tilheyrir að fá sér heitt jólaglögg á göngu um jólamarkaðinn. Hægt er að fara með hestvagni eða sleða um bæinn, sem er mjög huggulegur á þessum árstíma, og njóta um leið náttúrufegurðarinnar allt um kring.



4. desember | Aðventudýrð í Swarovski & Innsbruck

Við hefjum daginn á að aka til Wattens þar sem Swarovski kristalssafnið er til húsa en þar glitrar á ýmis djásn. Áfram höldum við til Innsbruck, höfuðborgar Tíról, sem er umvafin fjöllum og tindrandi náttúrufegurð. Innsbruck var ein af borgum Habsborgaranna, einnar mikilvægustu valdaættar Evrópu. Blómatími hennar var á 15. öld undir stjórn



Maximilian I. af Habsborg. Hann lét byggja helsta kennileiti borgarinnar, húsið með gullpakinu, sem stendur við eitt fallegasta torgið í Tíról. Farið verður í stutta göngu með fararstjóranum en eftir það verður frjáls tími til að kanna borgina á eigin vegum. Borgin er sérstaklega ævintýrleg á aðventunni því borgarbúar nota gjarnan Grimmsævintýrin sem þema í skreytingunum. Tilvalið er að líta inn til kaupmanna í Maria-Theresien götunni en þar er einnig mikil jólastemning.

5. desember | Jólastemning í Kufstein



Bærinn Kufstein er sérlega spennandi bær og státar bæði af fallegum jólamarkaði í almenningsgarði borgarinnar og einnig við miðaldakastalann Kufstein sem trónir yfir borginni. Kastalinn er frægur fyrir tilkomumikið útiorgel, svokallað hetjuorgel, en á hverjum degi í hádeginu er leikið á orgelið til minningar um þá sem féllu í heimsstyrjöldunum tveimur og óma orgelhljóðmarnir frá turni kastalans og endurkastast í þverhniptum fjöllum í

kring. Mögulegt er að fara í skoðunarferð um kastalann og hverfa um hríð aftur í aldir. Í kastalagarðinum má svo sjá skapandi handverk sem unnið er að á aðventunni.

6. desember | Aðventumarkaður & huggulegur dagur í Seefeld



Í dag höfum við það notalegt í fjalladýrðinni í yndislega bænum Seefeld. Áður fyrr var þetta mikið vatnasvæði eins og nafn bæjarins ber með sér. Þennan dag er aðventumarkaður í bænum og mikið um dýrðir. Hér er margt hægt að gera, t.d. fara með hestvagni í rómantíska ferð um nágrennið eða ganga hringinn í kringum vatnið eftir góðum göngustíg. Mögulegt er að fara upp á Rosshütte fjallið með kláfi sem fer upp í 1784 m

hæð. Þarna uppi er gott veitingahús og upplagt að fá sér kaffi og tertusneið.

7. desember | Heimferð frá München



Nú er komið að heimferð eftir ljúfa daga. Eftir morgunverð verður ekið til München. Brottför þaðan kl. 13:00 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.

Verð

269.900 kr. á mann í tvíbýli | 17.500 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Glæsilegur 4 rétta kvöldverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Allir drykkir á bar hótelsins og einnig með kvöldverði (að frátöldum drykkjum á sérseðli).
- ✓ Aðgangur að glæsilegri heilsulind.
- ✓ Sloppur og handklæði fyrir gufuböð.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Swarovski heimar u.þ.b. € 17.
- ✓ Fiðlusafnið í Mittenwald u.þ.b. € 7
- ✓ Kufstein kastalinn u.þ.b. € 14.



Hótel

- ✓ Hotel Bergland.

Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.